

Stjórnarfundur 14. október 2025

Mættar: Guðrún, Ása, Kolbrún og Sigrún

Rætt var boð Þóru og Magneu Tómasdætra að koma í heimsókn á stað þeirra Golukaffihús, Sandgerði. Mikill áhugi hjá stjórn að skoða það, fara í heimsókn og athuga möguleika á að halda viðburð þar fyrir félagið.

Félagsgjöldin rædd. Félagið hefur ekki efni á, sem stendur, að veita afslátt á félagsgjöldum en stjórnin er opin fyrir því að skoða hvert dæmi fyrir sig, ef á reynir.

Tveir félagar hafa þegar greitt 5.000 króna seðilinn sem fór óvart út og ákveðið að gera ekkert í því. En fyrir liggur að senda greiðsluseðla fyrir félagsgjöldin 2025 mjög fljótt. Gjaldkerarnir sjá um það.

Tekin var ákvörðun að þeir nýju félagar sem hafa komið inn seinni hluta ársins munu ekki greiða félagsgjöld fyrir en ársgjaldið 2026 kemur í mars.

Ný útgáfa Dagatala Salarinnar og Hornsteinshugleiðslunnar var rædd.
Staðan á þeim og dreifing mun verða teknar fyrir í ársskýrslu félagsins 2026.
Sigrún er með 4x Dagatala salarinnar og 10x Hornstei,
Guðrún er með 12x Dagatala salarinnar og 17x Hornstein.
Stroka fékk eitthvað
Ása er með rest.

Gangleri Lífspekifélagsins er 100 ára á næsta ári og það kom ósk um að við myndum skrifa grein um Antroposofíu. Stjórnin var sammála um að þetta væri verðugt verkefni.

Ákveðið var að félagið myndi styrkja ferð Sigrúnar til Goetheanum með því að greiða ráðstefnugjaldið og matinn á ráðstefnunni. Flug, gistingu, ferðalög og annað uppihald greiðir hún sjálf. Ráðstefnan eru í raun 3 ráðstefnur í einni ferð. Class Holder námskeið, Ráðstefna um andlega Háskólann og country representative fundurinn sem haldinn er árlega.
Sigrún mun flytja skýrslu um efni ráðstefnanna í félaginu.

Rætt var að hafa samband við allar virkar greinar mannspekinnar á Íslandi og óska eftir upplýsingum um starfsemina sem fer fram til að kynna á ráðstefnunni það sem er í gangi á Íslandi í dag.

Rætt var sú vinna sem Sigríður hefur lagt á að halda utan um og gera lista yfir allar þýðingar á antroposofísku efni síðastliðið ár. Hún hefur sent Ásu yfirlit yfir þessar þýðingar og kallaði eftir frekari upplýsingum um þýtt efni, eða athugasemdir frá félögum. Einnig óskar hún eftir aðstoð með að koma þessum þýðingum á góðan stað fyrir komandi tíma.

Næsti stjórnarfundur verður haldinn 11. nóvember fyrir lesfundinn.

Á lesfundinum 14. október var góð mæting. Hafinn var lestur á Ævintýrinu eftir Goethe og fóru fram líflegar og djúpar umræður á eftir. Haldið verður áfram lestri 11. nóvember.

Stjórnin